

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 5/2003

frá 31. janúar 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2002 frá 6. desember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/66/EB frá 16. júlí 2002 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á annars vegar ávöxtum, matjurtum, kornvörum og matvælum úr dýraríkinu og hins vegar tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/72/EB frá 6. ágúst 2002 um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/71/EB frá 19. ágúst 2002 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa (förmóþíon, dímetóat og oxýdemeton-metýl) í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun 2002/72/EB fellir úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/128/EBE ⁽⁵⁾ sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 38, 13.2.2003, bls. 16 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 9, 13.2.2003, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 192, 20.7.2002, bls. 47.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 220, 15.8.2002, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 225, 22.8.2002, bls. 21.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 75, 21.3.1990, bls. 19.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XII. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 76/895/EBE), 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
 - „- **32002 L 0066:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/66/EB frá 16. júlí 2002 (Stjtið. EB L 192, 20.7.2002, bls. 47),
 - **32002 L 0071:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/71/EB frá 19. ágúst 2002 (Stjtið. EB L 225, 22.8.2002, bls. 21).“
2. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54zza (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB):
 - „54zzb. **32002 L 0072:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/72/EB frá 6. ágúst 2002 um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtið. EB L 220, 15.8.2002, bls. 18).“
3. Texti 52. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/128/EBE) falli brott.

2. gr.

Texti tilskipana 2002/66/EB, 2002/71/EB og 2002/72/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann